


|                   |  |   |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                    |  |
| Útgáfa: 08        |  |   |
| Dags.: 30.08 2011 |  |   |
| Höfundur: HRS     |  |   |
| Samþykkt:SHJ      |  |   |
| Síða 1 af 3       | <b>Vefnaður 103</b><br><b>Kennsluáætlun haust 2012</b> |   |

|          |                             |         |     |
|----------|-----------------------------|---------|-----|
| Kennari: | Ragnheiður Björk Þórsdóttir | Sk. st. | RPÓ |
|----------|-----------------------------|---------|-----|

### Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í vefnaði vefa nemendur a.m.k. þrjú stykki, bandáferð og þráðaráferð og þrjár prufur. Lögð er áhersla á einskeftuvefnað, vaðmál og ormeldúk í prufum. Í stykkinu með bandáferðinni, sem gjarnan er taska, borðdregill eða veggstykki, er lögð áhersla á einskeftu og rósabandsvefnað. Í stykkinu með þráðaráferð er lögð áhersla á vaðmál, samsetta bindingu eða ormeldúk. Nemendur taka virkan þátt í sem flestu er varðar uppsetningu á voð í vefstól, en ekki er ætlast til að þeir reikni út í uppistöðu eða bindi upp skemla og skammel í þessum áfanga. Miðað er við að notaðir séu trissustólar, fjögur til fimm sköft og fjögur - sex skammel.


### Markmið:

- að nemendur kynnist vefstólum, læri að rekja í vef.
- að nemendur kynnist uppsetningu á slöngu og setja upp í vef í vefstól.
- að nemendur læri að þekkja og tileinka sér einskeftu, vaðmál, ormeldúk og rósaband í verkum sínum og noti fjögur til fimm sköft og fjögur til sex skammel.
- að nemendur noti mismunandi þræði eða efni í verk sín s.s. niðurrífið efni, ullarband, bómull og hör.

### Helstu verkefni í VEF 103 eru:

- Til dæmis einskefta og/eða vaðmál, salúnvefur, eða önnur einföld samsett binding.
- Stykki ofið úr ullarbandi eða hör með rósabandsáferð og skal það vera ca 50 x 70 cm á stærð.
- Prufa/prufur í einskeftu, vaðmáli, ormeldúk eða samsettri bindingu, mappa með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

| Vika     | Námsefni   |
|----------|--|
| 2.       | Kynning á vefstól, vefstofu og tækjum sem tilheyra henni. Nemendur rekja í slöngu og ákveðið er hvort þeir byrja á grófu eða fínu stykki. (Þ.e.s. tuskumottu, rósabandsvef eða prufustykki.) |
| 3. - 6.  | Uppsetning á vef og vinna í vefstól.   |
| 7. - 10. | 1. stykki ofið og/eða prufur ofnar.  |
| 11.-13.  | 2. stykki ofið og/eða prufur. Nemendur skipta um vefstól og vefa sitt annað stykki.  |

|                   |  |   |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                    |  |
| Útgáfa: 08        |  |   |
| Dags.: 30.08 2011 |  |   |
| Höfundur: HRS     |  |   |
| Samþykkt:SHJ      | <b>Vefnaður 103</b><br><b>Kennsluáætlun haust 2012</b> |   |
| Síða 2 af 3       |  |   |

|         |  |
|---------|--|
| 14.-17. | Nemendur vinna sitt seinasta stykki og frágangur á ofnum stykkjum og möppuvinna er í seinustu vikunni. |
|---------|--|

| Tegund  | Námsgögn  |
|---------|---|
| Bækur   | Fagbækur, vefnaður, myndlist og textill. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara. |
| Tímarit | Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu   |

| Námsmat               | Lýsing                             | Vægi |
|-----------------------|------------------------------------|------|
| Salún eða annað       | Einskefta eða vaðmál/salúnvefnaður | 25 % |
| Fínt stykki           | Rósabandsáferð, ull eða hör        | 40 % |
| Prufur og uppskriftir | Prufumappa með uppskriftum         | 25 % |
| Frammistaða á önn     | Ástundun og vinnubrögð             | 10 % |

### Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

### Innkaup:

Mappa A4. Nemendur setja hugmyndir sínar, skissur, uppskriftir og prufur í möppu. Einnig er gott að vera með skissubók reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð. Sú upphæð dugar yfirleitt fyrir því efni sem notað er í 103.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

### Með fyrirvara um breytingar


Ragnheiður Björk Þórsdóttir

Netfang: [ragga@vma.is](mailto:ragga@vma.is)

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengil

|                   |  |   |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                    |  |
| Útgáfa: 08        |  |   |
| Dags.: 30.08 2011 | <b>Vefnaður 103</b><br><b>Kennsluáætlun haust 2012</b> |   |
| Höfundur: HRS     |  |   |
| Samþykkt:SHJ      |  |   |
| Síða 3 af 3       |  |   |

|  |  |  |  |
|--|--|--|--|
|  |  |  |  |
|--|--|--|--|